



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Heiðursviðurkenning Menningarsjóðs Akureyrar 2021

Heiðursviðurkenningarhafinn okkar er fæddur í Brekkugötu 5 B á Akureyri þann 11. apríl árið 1951. Hann byrjaði strax á unglingsárum að dufla við listagyðjuna á unglingsárum, eignaðist gítar lærði svolítið á hann og fór umsvifalaust að semja lög og texta.

Í menntaskóla spilaði hann og söng í hljómsveitinni SKAPTÍ sem náði að hans sögn engum vinsældum. Einnig starfaði viðurkenningarhafinn okkar með Myndlistarfélagi skólans svo og Leikfélaginu. Hann lagði síðan stund á heimspeki í Háskóla Íslands og seinna í Árósum í Danmörku. Árið 1978 flutti okkar maður til Kaupmannahafnar og gekk til liðs við hljómsveitina KAMARORGHESTAR (Kammer-orc-hester) sú hljómsveit spilaði víða í Danmörku og á Íslandi og gaf út tvær hljómplötur áður en yfir lauk. Nú er fullvíst að mjög margir hafa áttað sig á því að það er Kristján Pétur Sigurðsson sem um ræðir.

Kristján Pétur flutti alkominn heim í gamla bæinn sinn árið 1984. Þá stofnaði hann vinnustofu í Gamla Barnaskólanum, hinum eina sanna við Hafnarstræti, með félögum sínum þeim Jóni Laxdal og Haraldi Inga Haraldssyni. Það varð alvöru stassið með fjölmörgum myndlistasýningum um borg og bæ og ýmsum öðrum upptákum. Þarna stofnuðu Kristján og Steinþór Stefánsson til hljómsveitanna AKUREYRAR ÚTLAGARNIR og síðar PARROR, þar sem Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson mætti einnig til leiks, en hann hefur verið með Kristjáni í ófáum hljómsveitum síðan. Í Gamla Barnaskólanum varð einnig til hljómsveitin SKROKKABANDIÐ með Haraldi Davíðssyni og hinir einu sönnu NORÐANPILTAR með Jóni Laxdal og Guðbrandi Siglaugssyni. Á þessum árum gaf Kristján Pétur líka út tvær ljóðabækur " Sólarblómið blúsar " og "Bömmereinglablús" (með Steinunni Ólafsdóttur).

Árið 1991 fengu þeir Jón Laxdal og Kristján Pétur vinnustofuaðstöðu í kjallaranum á verðandi Listasafni Akureyrar. Kjallarin fékk fljótlega nafnið "Grenið" jafnvel þótt útgönguleið væri aðeins ein. Grenið fékk svo ýmis nöfn sem hæfðu upptákum og varð t.d. Konsertsalur Norðanpilta og Leikhús Norðanpilta þegar þar var settur upp söngleikurinn Rómeró og Júlíana eftir Kristján Pétur. Á þessum árum starfaði Kristján Pétur með hljómsveitunum LOST og síðan HÚN ANDAR og hann sýndi oft myndverk á Cafe Karólínu og Deigluinni.

Árið 2004 urðu umskipti í Greninu góða, þá var þar stofnað til félagsskaparins POPULUS TREMULA undir dyggri handleiðslu Sigurðar Heiðars Jónssonar og skyldi félagið starfa að listum og menningu með uppákomum, sýningum og bókaútgáfu. Og við það var staðið. Þau ár sem Sigurðar Heiðars naut við voru uppákomur fjölmargar og meðal annarra fjölbreytt tónleikahald með Húsbandi Populus Tremula. Kristján Pétur og Aðalsteinn Svanur Sigfússon tóku svo við keflinu þegar Sigurður Heiðar féll frá og þegar starfsemin hætti árið 2014 höfðu verið haldnar yfir 300 uppákomur í Populus Tremula, gefnar út um 20 bækur og einn hljómdiskur með Húsbandinu.

Kristján Pétur var duglegur við að sýna bæði heima í Populus og að heiman þessi ár og gaf út tvær bækur hjá útgáfu Populus. Þá má segja að Kristján Pétur hafi náð toppnum á myndlistaferlinum með einkasýningu í Listasafninu á Akureyri árið 2015. Og enn er Kristján að, hann hefur spilað með hljómsveitinni HEFLUNUM sem kom m.a. fram á Icelandic Airwaves og þá var hljómsveitin LOST endurlífguð og gaf út hljómdiskinn "Fastir í Fegurðinni" árið 2018 og æfir enn og núna vinnur rokksveitin TONNATAK með Kristján innanborðs að gerð hljómplötu.

Kristján Pétur Sigurðsson hlýtur heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs árið 2021 fyrir fjölbreytt og mikilvert framlag til menningarlífs á Akureyri.